



3. apríl 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 108. mál á 153. löggjafarþingi

Tillaga til þingsályktunar um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt markmiðum tillögu þessarar. Samtökin hafa lengi verið fylgjandi hugmyndum um endurskoðun lífeyriskerfisins með því markmiði að veita sjóðfélögum aukin áhrif á stjórn þeirra ásamt meira valfrelsi um ólíka kosti og sparnaðarform.

Áherslur samtakanna eru einkum þessar:

- Viðurkennt verði með skýrum hætti að lífeyrissjóður sé eign sjóðfélaga þ.e. launþega.
- Til samræmis við það verði komið í veg fyrir aðkomu atvinnurekenda að stjórn lífeyrissjóða.
- Launþegum verði veitt aukið frelsi til að velja um ráðstöfun lífeyrissparnaðar síns til ólíkra fjárfestingarkosta, þar á meðal til að geta eignast skuldminna eða skuldlaust húsnæði.

Fyrir venjuleg heimili á Íslandi er lang besti fjárfestingarkosturinn sá að mynda skuldlausan eignarhlut í eigin húsnæði. Ávinningurinn af því hefur löngum verið vanmetinn, en hann kemur glögglega í ljós ef sögulegar og núverandi raunforsendur eru skoðaðar. Ekki síst nú þegar kostnaður af skuldsetningu fer ört hækkandi vegna áhrifa vaxandi verðbólgu og vaxtahækkana á húsnæðislán heimilanna.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is